

Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um niðurfellingu á hækkun fjárhagsaðstoðar vegna meðlagsgreiðslna

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir greinagóðum skýringum á hvað niðurfelling á hækkun á fjárhagsaðstoð vegna meðlagsgreiðslna þýðir fyrir einstaklinga í þessari stöðu? Hver verður framfærsla þessara einstaklinga eftir breytinguna? Fulltrúi Flokks fólksins spyr líka hvenær þessi breyting tekur gildi og hversu löngu fyrir breytinguna einstaklingar á fjárhagsaðstoð fengu tilkynningu um breytinguna?

Greinargerð:

Áhyggjufullur einstaklingur hafði samband við fulltrúa Flokks fólksins vegna þessara breytinga á fjárhagsaðstoð. Einstaklingurinn hefur miklar áhyggjur af afkomu sinni því nú þegar nær hann ekki endum saman. Meðlagsgreiðslur eru um það bil 46.000 kr. og ef þær dragast frá núverandi framfærslu verður ekkert eftir. Viðkomandi einstaklingur fékk bréf um breytingu á fjárhagsaðstoð 28.maí síðastliðinn en þar segir " Þann 1. júní 2024 tóku gildi breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og fellur 13. gr. reglnanna á brott" Það er sérkennilegt að segja "tóku gildi " því 1.júní er ekki liðinn þegar bréfið er sent og ef rétt reynist að þessar reglur taka gildi 1. júní 2024 þá er mjög skammur tími fyrir skjólstæðinga að gera einhverjar ráðstafanir þ.e eingöngu fjórir dagar.